



Skipulagsstofnun  
bt. Þórdísar Stelli Erlingsdóttur  
Borgartúni 7b  
105 Reykjavík

Náma E-63 við Breiðárlón í Sveitarfélaginu Hornafirði. Svar við umsögn Vatnajökulspjóðgarðs

Vegagerðin hefur móttengið umsögn Vatnajökulspjóðgarðs, dags. 17.10.2022, vegna könnunar á matsskyldu efnistöku úr námu E-63.

Eftirfarandi eru athugasemdir Vatnajökulspjóðgarðs, skipt upp í kafla, í samræmi við uppsetningu á athugasemdum þjóðgarðsins. Neðan hvers kafla er svar Vegagerðarinnar við þeim athugasemdum sem Vatnajökulspjóðgarður setti fram í tilteknum kafla.

Síða 1/4

## 1. Almennt

Vatnajökulspjóðgarður gerir athugasemd við það umfang efnistöku sem óskað er eftir fyrir þann hluta (100.000 m<sup>3</sup>) sem enn er óljós, en skýrist skv. kynningarskýrslu á allra næstu mánuðum.

**Svar Vegagerðarinnar:** Síðustu þrjá áratugi hefur Vegagerðin fylgst með strandrofi á þessu svæði. Heldur hefur dregið úr rofinu undanfarin ár. Það er í takt við það að svæðið við ósinn sem gekk fram með jöklinum á fyrri hluta síðustu aldar er næstum uppurið. Þá er land á þessu svæði að hækka vegna hopunar jökla og er hækkun lands töluvert meiri en hækkun sjávarstöðu. Þetta veldur því að draga á úr rofi og ef ekki kæmi annað til þá mundi það leiða til þess að land byggðist upp. Vegagerðin vonast því til að ekki þurfi að koma til strandvarna. Hins vegar eru þau öfl sem við er að eiga mjög öflug og að sama skapi ófyrirsjáanleg. Til samanburðar má nefna að á tveimur mánuðum síðastliðinn vetur gekk á ströndina austan við Vík sem nemur tugum metra víða og mest um 90 m.

Til þess að takast á við slíkar aðstæður þarf að vera hægt að bregðast skjótt við og fara í framkvæmdir með stuttum fyrirvara. Vegagerðin vill geta brugðist skjótt við ef að slíkar aðstæður skapast og er könnun á matsskyldu efnistöku úr námu við Breiðárlón hluti þess undirbúnings.

## 2. Landeigendur og leyfisveitingar

Vatnajökulspjóðgarður bendir á að Sveitarfélagið Hornafjörður annast útgáfu framkvæmdaleyfis en Vatnajökulspjóðgarður gefur út leyfi samkvæmt þjóðlendulögum. Hvor tveggja leyfin þurfa að vera í samræmi við skipulagsáætlanir en við gerð slíkra áætlana fyrir svæði innan Vatnajökulspjóðgarðs er sveitarstjórn bundin af efni stjórnunar- og verndaráætlunar, sbr. 1. mgr. 13. gr. laga nr. 60/2007, um Vatnajökulspjóðgarð.

**Vegagerðin**  
Suðurrhau 3  
210 Garðabær  
+354 522 1000  
vegagerdin.is

vegagerdin  
@vegagerdin.is

Umhverfis- og skipulagsnefnd Hornafjarðar hefur komist að þeirri niðurstöðu að Vegagerðin þurfi að óska eftir breytingu á aðalskipulagi til þess að framangreind leyfi verði veitt af hálfu sveitarfélagsins. Jafnframt þurfi framkvæmdaaðili að óska eftir afstöðu sveitarfélagsins um hvort deiliskipuleggja skuli efnistökusvæðið áður en framkvæmdaleyfi er veitt. Vatnajökulsþjóðgarður tekur undir að málið fái þessa meðferð. Jafnframt er lögð áhersla á að í kynningarferli vegna skipulagsáætlana komi skýrt fram hvernig þörf á nýjum strandvörnum hafi verið metin.

**Svar Vegagerðarinnar:** Vegagerðin mun óska eftir breytingu á aðalskipulagi og óska eftir afstöðu sveitarfélagsins um hvort deiliskipuleggja skuli efnistökusvæðið áður en framkvæmdaleyfi er veitt.

### 3. Rannsóknir

Vatnajökulsþjóðgarður upplýsir að Menningarmiðstöð Hornafjarðar hafi kortlagt minjar á Breiðamerkursandi í tengslum við vinnu við gerð stjórnunar- og verndaráætlunar fyrir Breiðamerkursand. Þjóðgarðurinn segir því einboðið að aflað sé álíts Minjastofnunar, sem fagstofnunar menningarminja, áður en afstaða er tekin til matsskyldu.

**Svar Vegagerðarinnar:** Vegagerðin hefur haft samráð við Minjavörð Austurlands. Hann mun fara á fyrirhugað framkvæmdasvæði og meta hvort skrá þurfi fornleifar áður en framkvæmdir hefjast.

### 4. Samræmi við skipulag

Vatnajökulsþjóðgarður bendir á að breyta þurfi aðalskipulagi Sveitarfélagsins Hornafjarðar og við meðferð tillögu um breytingu á aðalskipulagi Sveitarfélagsins Hornafjarðar mun Vatnajökulsþjóðgarður leggja áherslu á þau atriði sem fram koma í þessari umsögn.

Þar sem fjallað er um aðkomuleiðir fyrir vinnuvélar og tæki Vegagerðarinnar til viðhalds rofvarna leggur Vatnajökulsþjóðgarður til að bæta megi við feitletruðum texta: Utan viðgerðartíma nýtast leiðirnar **við grjótgarðana** sem gönguleiðir fyrir gesti svæðisins

**Svar Vegagerðarinnar:** Vegagerðin mun sækja um breytingu á aðalskipulagi eins og fram hefur komið. Varðandi orðalag og stílbreytingar á kynningarskýrslu þá er ekki um drög að skýrslu að ræða en Vegagerðin þakkar ábendinguna.

### 5. Umferð

Vatnajökulsþjóðgarður leggur fram tillögu um breytingu á orðalagi í skýrslunni í þá veru að umferð ferðafólks um svæðið sé mjög háð stöðu jökulsporðs hverju sinni og t.d. því hvort íshella væri þar að finna. Í slíkum tilfellum geti verið um mikla umferð að ræða, annars sé hún afar takmörkuð.

**Svar Vegagerðarinnar:** Vegagerðin þakkar ábendinguna og vísar í svar hér að ofan um stílbreytingar á skýrslu.

## 6. Landslag

Umsögn Vatnajökulsþjóðgarðs um þennan kafla framkvæmdarinnar krefst ekki viðbragða Vegagerðarinnar.

## 7. Jarðmyndanir

Því er haldið fram að vegna góðs frágangs verði áhrif námunnar á jarðmyndanir óveruleg. Vatnajökulsþjóðgarður gerir athugasemdir við það orðalag, enda um að ræða brottflutning umræddra jarðmyndana af svæðinu. Eðlilegri nálgun væri að mati Vatnajökulsþjóðgarðs að telja áhrif námunnar á jarðmyndanir ásættanleg, með tilliti til veginna samfélagslegra hagsmuna.

**Svar Vegagerðarinnar:** Vegagerðin tekur undir mat

Vatnajökulsþjóðgarðs um að ásættanleg umhverfisáhrif sé skýrara en óveruleg áhrif.

## 8. Fuglar

Fram kemur að áhrif á fugla á svæðinu verði tímabundin, þar sem efnistaka fari fram á tímabilinu október-maí (svo og staðbundin áhrif).

Vatnajökulsþjóðgarður leggur til að óskað verði álits Náttúrustofu Suðausturlands og/eða Náttúrufræðistofnunar Íslands, varðandi mögulegan ávinning þess að efnistöku ljúki mánuði fyrir að vori og takmarki því enn frekar áhrif á fuglalíf.

**Svar Vegagerðarinnar:** Vegagerðin hefur ráðfært sig við Náttúrustofu Suðausturlands um áhrif framkvæmdatíma á fugla. Náttúrustofan mun skila samantekt til Vegagerðarinnar um mögulegan ávinning þess að ljúka framkvæmdum mánuði fyrir en ella. Þó er vert að taka fram að hvergi verður nýju landi raskað vegna framkvæmdanna, nema í námunni sjálfri. Innviðir sem tengjast framkvæmdinni, t.d. námuslóði, lagersvæði og aðkoma að viðgerðarstöðum við farveg Jökulsár á Breiðamerkursandi eru þegar til staðar. Þá var hvergi minnst á áhrif fyrirhugaðrar framkvæmda á fugla í umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands, dags. 27.09.2022.

## 9. Niðurstöður við kynningarskýrslu

Í niðurstöðukafla er fjallað um að sækja þurfi um framkvæmdaleyfi til Sveitarfélagsins Hornafjarðar og Vatnajökulsþjóðgarðs, fyrir efnistöku úr námunni. Fyrir liggur að sveitarfélög fara með úthlutun framkvæmdaleyfa, líkt og fram kemur annarsstaðar í kynningarskýrslu en hefur misritast á bls. 23. Þar ætti með réttu að standa: „Sækja þarf um framkvæmdaleyfi til Sveitarfélagsins Hornafjarðar og afla samhliða samþykkis Vatnajökulsþjóðgarðs fyrir efnistöku úr námunni.“

**Svar Vegagerðarinnar:** Vegagerðin þakkar ábendinguna.

Virðingarfyllst  
f.h. Vegagerðarinnar  
Sóley Jónasdóttir

Undirskrift



**Skipulagsstofnun**

Borgartúni 7b

bt. Þórdísar Stellsu Erlingsdóttur

105 Reykjavík

**Náma E-63 við Breiðárlón á Breiðamerkursandi. Svar Vegagerðarinnar við umsögn Sveitarfélagsins Hornafjarðar**

Vegagerðin hefur móttengið umsögn Sveitarfélagsins Hornafjarðar, dags. 27. september 2022, vegna könnunar á matsskyldu efnistöku úr opinni námu (E-63) við Breiðárlón á Breiðamerkursandi í Sveitarfélaginu Hornafirði.

Sveitarfélagið bendir á að Vegagerðin þurfi að óska eftir breytingu á aðalskipulagi og afstöðu sveitarfélagsins um hvort deiliskipuleggja skuli efnistökusvæðið áður en framkvæmdaleyfi er veitt.

Vegagerðin mun verða í sambandi við sveitarfélagið vegna ofangreindra athugasemda.

Síða 1/1

**Vegagerðin**  
Suðurhraun 3  
210 Garðabær  
+354 522 1000  
vegagerdin.is

vegagerdin  
@vegagerdin.is

Virðingarfyllst  
f.h. Vegagerðarinnar  
Sóley Jónasdóttir

Undirskrift

## Frekari svör Vegagerðarinnar við umsögn UST - Breiðarlón

**Til** : Þórdís Stella Erlingsdóttir <thordis.stella.erlingsdottir@skipulag.is>  
**Frá** : Sóley Jónasdóttir - VG <soley.jonasdottir@vegagerdin.is>  
**Heiti** : Frekari svör Vegagerðarinnar við umsögn UST - Breiðarlón  
**Málsnúmer** : 202206048  
**Málsaðili** : Vegagerðin  
**Skráð dags** : 08.09.2022 00:00:00  
**Höfundur** : Sóley Jónasdóttir - VG

Hæhæ

Vegagerðin svaraði umsögn Umhverfisstofnunar í gær vegna efnistöku úr Breiðárnámu við Breiðarlón í Sveitarfélaginu Hornafirði.

Umhverfisstofnun hafði engar athugasemdir vegna fyrirhugaðra framkvæmda en telur að Vegagerðin og Landsnet ættu að skoða hvaða kostir komi til greina ef ekki verður unnt að verja núverandi mannvirki. Vegagerðin svaraði því til að stofnunin væri með svæðið undir reglubundinni vöktun og til skoðunar með hvaða hætti verja megi árfarveg, ströndina og þau mannvirki sem á svæðinu eru.

E.t.v. er í ítarlegra að segja að Vegagerðin taki undir skoðun Umhverfisstofnunar um mikilvægi þess að fylgjast vel með landbroti við Breiðamerkursand. Vegagerðin hefur fylgst vel með farvegi Jökulsár og þróun strandarinnar með mælingum og vöktun í 30 ár. Áætlanir eru um nýja brú ofar í farveginum og færslu þjóðvegarsins frá ströndinni. Einnig hafa verið til skoðunar aðrir kostir varðandi útfall Jökulsár heldur en núverandi farvegur.

Vildi bara koma þessu til skila.

Viltu að ég útbúi annað formlegt blað?

Bestu kveðjur Sóley

Um ábyrgð á tölvupósti


Vinsamlegast athugið að þessi tölvupóstur (og viðhengi hans) er eingöngu ætlaður þeim sem tölvupósturinn er stílaður á og gæti innihaldið

upplýsingar sem eru trúnaðarmál. Hafir þú fyrir tilviljun, mistök eða án sérstakrar heimildar tekið við tölvupósti þessum (og viðhengjum hans) biðjum við þig að gæta fyllsta trúnaðar, hvorki lesa upplýsingarnar, skrá þær hjá þér né nota þær á nokkurn hátt og tilkynna okkur samstundis að upplýsingarnar hafi ranglega borist þér. Brot gegn þessu kunna að varða bótaábyrgð og refsingu samkvæmt lögum.

English

Please note that this e-mail and its attachments are intended for the named addressee only and may contain information that is confidential and privileged. If you have by coincidence or mistake or without specific authorization received this e-mail and its attachments we request that you notify us immediately that you have received them in error, uphold strict confidentiality and neither read, copy, nor otherwise make use of their content in any way. Unauthorized use of this email may result in liability and be punishable by law.

**Skipulagsstofnun**  
Borgartúni 7b  
bt. Þórdísar Stellsu Erlingsdóttir  
105 Reykjavík



## Náma E-63 við Breiðárlón á Breiðamerkursandi. Svar Vegagerðarinnar við umsögn Umhverfisstofnunar

Vegagerðin hefur mótttekið umsögn Umhverfisstofnunar, dags. 2. september 2022, vegna könnunar á matsskyldu efnistöku úr opinni námu (E-63) við Breiðárlón á Breiðamerkursandi í Sveitarfélaginu Hornafirði.

Umhverfisstofnun hefur engar athugasemdir vegna fyrirhugaðra framkvæmda. Aftur á móti telur stofnunin að Vegagerðin og Landsnet ættu að skoða hvaða kostir komi til greina ef ekki verður unnt að verja núverandi mannvirki.

Vegagerðin er nú þegar með svæðið undir reglubundinni vöktun og til skoðunar með hvaða hætti verja megi árfarveg, ströndina og þau mannviki sem á svæðinu eru. Vegagerðin telur að með áframhaldandi viðhaldsaðgerðum við Jökulsá á Breiðamerkursandi sé mögulegt að viðhalda mannvirkjum á svæðinu til lengri tíma.

Stofnunin hefur upplýst Landnet um skoðun Umhverfisstofnunar um samvinnu Vegagerðarinnar og Landsnets er þetta varðar.

-----  
Síða 1/1

Virðingarfyllst  
f.h. Vegagerðarinnar  
Sóley Jónasdóttir

Undirskrift  
A handwritten signature in black ink, appearing to read "Sóley Jónasdóttir", written over a horizontal line.

**Vegagerðin**  
Suðurhraun 3  
210 Garðabær  
+354 522 1000  
vegagerdin.is

vegagerdin  
@vegagerdin.is